

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 9. mars 2006

Efni: Frv. til laga um breyting á l. nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs (403. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að hækka ýmis gjöld á vegum hins opinbera.

Viðskiptaráð er almennt þeirrar skoðunar að þjónustugjöld hins opinbera eigi að endurspegla þann kostnað sem af viðkomandi þjónustu hlýst. Það er ekki á það bætandi fyrir skattgreiðendur að þurfa að standa straum af kostnaði við ýmsa þjónustu ríkisins við einstaklinga og fyrirtæki.

Í frumvarpi því sem hér er til umsagnar er ekki með neinum hætti reynt að sína fram á hver kostnaðurinn ríkisins er við að veita umrædda þjónustu. Viðskiptaráð getur því með engu móti lagt mat á það hvort um eðlilega gjaldtöku sé að ræða, þ.e. hvort hún endurspegli kostnað ríkisins við veitta þjónustu. Það má vart á milli sjá hvort er verra, að þjónustugjöld séu hærri en kostnaðurinn eða hvort þau eru lægri en kostnaðurinn. Ef þau er hærri er í raun um skattlagningu að ræða, og var hún næg fyrir. Ef þau eru lægri eru skattgreiðendur að greiða niður þjónustuna með öðrum sköttum.

Í ljósi þess sem að ofan greinir hefur Viðskiptaráð enga skoðun á téðu frumvarpi.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson